

## **Efni: Tillaga M-lista í eftirfarandi máli: 201604270**

Á 671. fundi bæjarstjórnar 11. maí sl. var afgreiðsla umhverfisnefndar á neðangreindu erindi tekið fyrir:

### **7.2. 201604270 - Skógrækt og útivistarsvæði í Mosfellsbæ**

Fræðsluerindi Skógræktarfélags Mosfellsbæjar um skógrækt og útivistarsvæði í Mosfellsbæ.

Til máls tók(u): BBJ, ÖJ, SBG, UEJ, SBH

Niðurstaða 168. fundar Umhverfisnefndar Mosfellsbæjar

Opinn fundur umhverfisnefndar árið 2016.

Björn Traustason frá Skógræktarfélagi Mosfellsbæjar kynnti starfsemi skógræktarfélagsins og skógræk og útivistarsvæði í Mosfellsbæ. Í lok fyrirlesturs var opnað fyrir fyrirspurnir og umræður.

### **Niðurstaða bæjarstjórnar varðandi þennan fundarlið var eftirfarandi:**

#### **Niðurstaða þessa fundar**

Tillaga M-lista Íbúahreyfingarinnar

Bæjarfulltrúi Íbúahreyfingarinnar leggur til að bæjarráð Mosfellsbæjar taki styrkveitingar til Skógræktarfélags Mosfellsbæjar til gagngerrar endurskoðunar. Sveitarfélagið á víðfeðmasta ræktarland á höfuðborgarsvæðinu og 3. stærsta skógræktarsvæðið. Skógurinn er nú kominn á tíma og þarfnast sárlega umhirðu en félagið hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til að ráða skógfræðing til að sinna því verkefni frekar en önnur skógræktarfélög, sbr. fyrirlestur fulltrúa Skógræktarfélags Mosfellsbæjar á opnum fundi umhverfisnefndar 2016.

Frá sjónarhóli heilsueflandi samfélags eru hér ómetanleg verðmæti í húfi og brýnt að bæjarstjórn sporni við því að skógurinn spillist með öllum tiltækum ráðum og hefji endurskoðunina eigi síðar en við gerð fjárhagsáætlunar 2017. Til að málið fái nægan undirbúning leggur Íbúahreyfingin til að bæjarráð óski eftir fundi með fulltrúum skógræktarfélagsins sem fyrst.

Samþykkt með níu atkvæðum að vísa tillögunni til umfjöllunar í bæjarráði.

Afgreiðsla 168. fundar umhverfisnefndar samþykkt á 671. fundi bæjarstjórnar með níu atkvæðum.